

## Umbótaáætlun Grunnskólans á Suðureyri

Matsþáttur	Ábyrgðaraðili	Tillögur til umbóta	Áætlað upphaf	Áætluð lok	Mat
Stjórnun					
1. Tryggja þarf að allir aðilar skólasamfélagsins þekki stefnu skólans og einkunnarorð.					
	Skólastjóri	Klára endurskoðun og kynna svo fyrir nemendum, foreldrum og nærsamfélagi.	sep.15	feb.16	Könnun meðal nemenda og starfsfólks.
Endurskoðun lokið og uppfært í skólanámskrá. Samkeppni um merki skólans þar sem stefna og einkunnarorð voru kynnt fyrir nemendum í skólanum og samfélaginu á heimasíðu skólans.					
2. Æskilegt væri að skólastjóri fylgdist reglulega með námi og kennslu til að veita kennurum markvissa endurgjöf og hvatningu.					
	Skólastjóri	Skólastjóri gerir kennsluúttekt árlega. Hrósa og ræða það sem vel er gert.	jan.16	feb.16	Könnun meðal starfsfólks.
Dróst vegna óvæntrar fjarveru starfsmanna. Verður framkvæmt í haust.					
3. Tryggja þarf lýðræðisleg vinnubrögð við stjórnun skólans og í skólastarfinu öllu.					
	Skólastjóri	Starfsmannafundur reglulega, virkt foreldrafélag og skólaráð og vikulegir fundir hjá nemendaráði.	ágú.15	Lokið	Þessu var hrint í framkvæmd í haust og verður viðhaldið til framtíðar.
Samkvæmt skólapólssi starfsmanna erum við með 4,5 (4,4 í fyrra) í normaldreifingu, 0,1 undir landsmeðaltali. Haldið verður áfram að vinna lýðræðislega.					
4. Skólastjóri þarf að taka þátt sem faglegur leiðtogi í innra mati og tryggja framgang umbóta hverju sinni.					
	Skólastjóri	Skólastjóri ætlar að taka þátt í innra mati og mun vinna með starfsfólki og nemendum að umbótum.	sep.15	jún.16	Sjálfsmatsskýrsla skólans.
Skólastjóri ásamt kennurum unnu á starfsdegi 23. apríl í sameiningu við kennara og starfsmenn innra mat / sjálfsmat skólans fyrir skólaárið. Unnið var frekar með það fram að skólaslitum. Skólastjóri kláraði þá að setja saman sjálfsmatsskýrslu sem er birt á heimasíðu undir ársskýrslu.					
5. Hvatning til umbóta og aðgerðir þar að lútandi þurfa að vera kerfisbundnari og markvissari af hálfu skólastjóra.					
	Skólastjóri	Liður í þessu er t.d. kennslumat, meira hrós fyrir það sem vel er gert og þetta er og verður sýnilegt í starfsáætlun skólans.	ágú.15	jún.16	Sjálfsmatsskýrsla skólans.
Faglegur stuðningur skólastjóra samkvæmt skólapólssinum var 6,8 (3,4 í fyrra) í normaldreifingu, 1,8 yfir landsmeðaltali. 8 starfsmenn eru frekar eða mjög sammála um að þeir fái hvatningu en einn er því ósammála.					
6. Skoða þarf hvernig unnið verður að bættum námsárangri nemenda þar sem árangur er eitt af einkunnarorðum skólans.					
	Skólastjóri	Þetta hefur verið rætt á starfsmannafundum. Í kjölfarið á kennsluúttektum er ætlunin að starfsmenn hafi betri sýn á því sem hver og einn getur bætt í sinni kennslu.	jan.16	mar.16	Skólapólssinn, samræmd próf og lestrarprófanir.

## Umbótaáætlun Grunnskólans á Suðureyri

Matsþáttur	Ábyrgðaraðili	Tillögur til umbóta	Áætlað upphaf	Áætluð lok	Mat
------------	---------------	---------------------	---------------	------------	-----

Námsárangur í samræmdum prófum kom vel út miðað við síðustu 5 ár. Við teljum að betur megi gera og höfum við rætt að ábótavant er helst fjölbreyttir kennsluhættir. Á undirbúningsdögum í haust koma allir kennarar til með að skila áætlun um fjölbreytta kennsluhætti til skólastjóra.

7. Vinna þarf skólanámskrá, birta á heimasíðu og tryggja lýðræðislega aðkomu allra aðila skólasamfélagsins að þeirri vinnu.

Skólastjóri	Skólanámskrá var unnin á haustmánuðum af starfsfólki skólans og hefur verið samþykkt af starfsfólki, skólaráði, fræðslunefnd og birt á nýrri heimasíðu skólans.	jún.15	okt.15	Er á heimasíðu skólans.
-------------	---	--------	--------	-------------------------

Skólanámskrá var endurbætt bæði í nóvember og mars og erum við mjög ánægð með hana.

8. Vinna þarf áætlun um sérkennslu/stuðning og tengja áætlun um kannanir og skimanir til að finna þá nemendur sem þurfa námsaðstoð.

Skólastjóri / kennarar	Sérkennslumál eru búin að vera í skoðun síðan í haust. Góð mynd verður komin á þau fyrir vorið 2016.	ágú.15	maí.16	Skólapúlsinn.
------------------------	--	--------	--------	---------------

Samkvæmt foreldrakönnun skólapúlsins eru allir foreldrar í úrtakinu ánægðir með hvernig skólinn mætir þörfum nemenda. Við erum með markvissa íslensku sem annað móðurmál kennslu og þeir nemendur sem þurfa sérkennslu eru með 2 - 8 tíma á viku hjá sérkennara auk þess sem við erum með tvo stuðningsfulltrúa sem aðstoða nemendur.

9. Skólaráð þarf að setja sér starfsáætlun og vinnureglur.

Skólastjóri	Skólaráð hittist á fundi í haust þar sem farið var yfir vinnureglur þess í samræmi við reglugerðir. Starfsáætlun er ekki tilbúin en verður rædd á fundi skólaráðs á vormánuðum.	ágú.15	apr.16	Verður á heimasíðu skólans.
-------------	---	--------	--------	-----------------------------

Vinnureglur og áætlun eru komnar á heimasíðu.

10. Uppfæra þarf heimasíðu skólans svo hún þjóni hlutverki sínu sem upplýsingaveita.

Skólastjóri	Ný heimasíða grunnskólans var formlega tekin í notkun 1. sept 2015 og þar eru allar helstu upplýsingar sem foreldrar og nemendur þurfa auk reglulegra fréttu úr skólastarfi. <a href="http://grsud.isafjordur.is">http://grsud.isafjordur.is</a>	ágú.15	okt.15	Sjá nýja síðu: <a href="http://grsud.isafjordur.is">http://grsud.isafjordur.is</a>
-------------	--	--------	--------	--

Samkvæmt skólapúlsi hjá foreldrum kom heimasíða skólans best út á landinu hvað varðar ánægju foreldra með heimasíðu skóla. 135 fréttir voru settar inn á skólaárinu og síðan fékk yfir 8.000 heimsóknir.

Nám og kennsla

1. Gera námsvísa/áætlanir um nám og áætlanir um samkennslunámsgreinar opinberar og kynna vel fyrir nemendum og foreldrum svo nýtist betur í námi.

## Umbótaáætlun Grunnskólans á Suðureyri

Matsþáttur	Ábyrgðaraðili	Tillögur til umbóta	Áætlað upphaf	Áætluð lok	Mat
	Skólastjóri / kennarar	Skólanámskrá, sem er samræmd var gefin út í haust, auk hennar fylla nú allir kennarar út annaráætlun fyrir öll fög. Skólanámskrá er aðgengileg á heimasíðu skólans og var kynnt fyrir foreldrum á foreldrafundum.	júl.15	okt.15	Er á heimasíðu skólans.

Skólanámskrá var kláruð í október og endurbætt bæði í nóvember og mars.

2. Kennarar þurfa að samræma framsetningu námsvísa og áætlana og gæta þess að grunnþáttum menntunar sé gerð skil í námi nemenda.

	Skólastjóri / kennarar	Sérstaklega var hugsað til grunnþætta menntunar og nýrar aðalnámskrár við gerð skólanámskrár. Þeirri vinnu er þó ekki lokið og hefst vinna að skólanámskrá aftur í vor þar sem ætlunin er að gera hana ennþá betri.	jún.15	okt.16	Sjá núverandi og tilvonandi skólanámskrá á heimasíðu skólans.
--	------------------------	---	--------	--------	---

Þetta hefur verið gert, auk þess gera allir kennarar annaráætlanir sem eru notaðar í fjarveru kennara.

3. Auka verður hlut valgreina á unglíngastigi til að uppfylla ákvæði laga um að það sé 20% af námstíma nemenda.

	Skólastjóri	Nemendur fengu í sumar að koma með hugmyndir að völlum og síðan velja sér það sem þeim langaði til að taka þátt í. Valið er nú 4 kennslustundir á viku og verður það þróa enn frekar og aukið fyrir næsta skólaár (Dæmi um völlum á þessu skólaári: Heimilisfræði, þýska, nýsköpun, liðsþróttir og kvikmyndagerð).	jún.15	ágú.16	Skólanámskrá og skólapúlsinn.
--	-------------	--	--------	--------	-------------------------------

Val á unglíngastigi er á næsta skólaári 6 tímar. Þau völdu sjálf eins og síðast og 7. bekkur fékk að vera með til að valið gæti verið sem fjölbreyttast.

4. Greina þarf hvað veldur slökum árangri á samræmdum könnunarprófum og setja fram markvissa áætlun um viðbrögð.

	Skólastjóri	Allir kennarar fengu prófin í sýnar hendur og greindu hvað það var sem betur má fara hjá hverjum nemanda. Skólastjóri fylgir því eftir með að kanna hvað hefur verið gert fyrir nemendum.	nóv.15	mar.16	Verður sýnilegt í Skólanámskrá 2016/2017.
--	-------------	---	--------	--------	---

Þetta hefur verið rætt á starfsmanna og foreldrafundum. Lítil tiltrú foreldra og lágt sjálfsálit nemenda ásamt einsleitum kennsluaðferðum er það sem helst hefur verið bent á. Það er ætlun okkar að taka sérstaklega á þessum þáttum næsta skólaár.

## Umbótaáætlun Grunnskólans á Suðureyri

Matsþáttur	Ábyrgðaraðili	Tillögur til umbóta	Áætlað upphaf	Áætluð lok	Mat
5. Setja fram viðmið um hæfni og árangur sem liggur til grundvallar námsmati.					
	Skólastjóri	Viðmið um hæfni og árangur má finna í skólanámskrá skólans sem kom út í haust.	jún.15	okt.15	Skólanámskrá skólans.
Skólanámskrá var kláruð í október og endurbætt bæði í nóvember og mars.					
6. Efla samstarf nemenda og samræður í námi enn frekar og tengja nám þeirra enn frekar við áhugasvið þeirra.					
	Skólastjóri / kennarar	Nemendur fá að vinna að áhugasviðsverkefnum þegar þeir eru búnir með vikuáætlun. Samstarf er gott en ekki er nóg af hópaverkefnum og fjölbreyttum kennsluháttum. Skólastjóri mun leggja áherslu á að kennarar prufi að breyta kennsluháttum hjá sér á vormánuðum.	feb.16	jún.16	Skólapúlsinn.
Tekin hafa verið skref í þessa átt á vorönn. Enn frekar verður unnið með þetta á næsta skólaári.					
7. Auka þátttöku nemenda við að setja sér markmið og meta eigin árangur í námi.					
	Skólastjóri / kennarar	Allir nemendur settu sér markmið í haust og unnið hefur markvisst með þeim að markmiðum síðan þá. Ákveðið uppgjör og endurmat á markmiðum á sér stað við annarlök í byrjun febrúar.	ágú.15	feb.16	Skólapúlsinn.
Markmiðssetning með nemendum var unnin á þessu skólaári og við munum halda því áfram. Sjálfsmat var tekið inn á unglingastigi í vor.					
8. Tengja nám nemenda betur við fjölmenningu sem einkennir samfélagið.					
	Skólastjóri	Pólsku nám verður í boði fyrir alla pólskumælandi nemendur.	jan.16	maí.16	Skólapúlsinn.
Pólskukennsla var í vor og verður næsta skólaár. Einnig fáum við tælensku kennslu. Það verður því móðurmálskennsla fyrir alla nemendur frá næsta skólaári. Mikil ánægja er meðal foreldra og nemenda með þetta.					
9. Huga þarf að því að allir hafi krefjandi verkefni við hæfi.					
	Skólastjóri / kennarar	Skólastjóri er alveg sammála því. Í kjölfar á kennsluúttekt í janúar/febrúar verður farið yfir hvort nemendur séu ekki örugglega að fá verkefni við hæfi.	feb.16	mar.16	Skólapúlsinn.

Kennsluúttekt tafðist vegna forfalla kennara. Samkvæmt skólapúlsi telja foreldrar að nemendur fái verkefni við hæfi. Við erum 11,8% yfir landsmeðaltali í að mæta þörfum nemenda.

## Umbótaáætlun Grunnskólans á Suðureyri

Matsþáttur	Ábyrgðaraðili	Tillögur til umbóta	Áætlað upphaf	Áætluð lok	Mat
10. Skipuleggja og skrá skimanir og mat sem fram á að fara yfir skólagöngu nemenda og skrá viðbrögð við niðurstöðum þeirra.					
	Skólastjóri	Reglulegar skimanir fara fram. Skólastjóri mun á vormánuðum fara yfir þetta og taka saman og gera aðgengilegt í einu skjali.	mar.16	júl.16	Verður á heimasíðu skólans.
Þetta mun vera í endurskoðaðri skólanámskrá frá og með haustinu sem verður aðgengileg á heimasíðu skólans. Nemendur eru lestraprófaðir 2-6 sinnum á ári eftir þörfum. 2 árgangar fara í logos skimun og aðrar skimanir eru gerðar eftir þörfum.					
11. Efla sérfræðipjónustu við skólann.					
	Skólastjóri	Námsráðgjafi hefur hafið störf við skólann. Auk þess hefur skólinn hafið samstarf við Trappa vegna talþjálfunar. Í janúar byrjaði pólskukennsla og gott aðgengi er að sérkennslu kennurum og þroskaþjálfum sem vinna við grunnskólann á Ísafirði.	ágú.15	jan.16	Lokið.
Samstarf hefur gengið vel og mun halda áfram á næsta ári.					
Innra mat					
1. Auka þarf kerfisbundið mat á störfum kennara og gefa þeim tækifæri til að ígrunda starf sitt með skilvirkari hætti en nú er.					
	Skólastjóri	Skólastjóri er sammála og liður í því verður kennslumat sem skólastjóri framkvæmir janúar/febrúar 2016.	jan.16	feb.16	Skólapúlsinn.
Kennslumat mun fara fram á næsta skólaári. Ætlunin er að kennarar séu metnir bæði af skólastjóra og í jafningjamati.					
2. Æskilegt væri að skólastjóri færi reglulega í kennslustundir til að meta kennsluna og veita kennurum markvissa og leiðbeinandi endurgjöf.					
	Skólastjóri	Verður framkvæmt í febrúar 2016 og síðan árlega í það minnsta.	feb.16	feb.16	Skólapúlsinn.
Tafðist vegna veikinda og verður framkvæmt í haust.					
3. Æskilegt væri að kennarar tækju upp jafningjamat og nýttu það til að þróa starfshætti sína enn frekar.					
	Skólastjóri / kennarar	Áætlað er að þetta verði gert á hverju ári. Í ár er höfuð áhersla á að skólastjóri meti kennslu en á næsta skólaári verður jafningjamat innleitt.	feb.16	jún.17	Skólapúlsinn.
Þetta verður farið í á næsta skólaári.					
4. Setja þarf skýr viðmið um námsárangur nemenda og annan árangur skólastarfsins sem stefnt er að.					
	Skólastjóri / kennarar	Hluti af vorverkum kennara verður að ræða hvað við getum gert til að bæta námsárangur nemenda. Þá verður haft til hliðsjónar kennsluúttekt skólastjóra og fjölbreytir kennsluhættir.	feb.16	jún.16	Verður sýnilegt í Skólanámskrá 2016/2017.

## Umbótaáætlun Grunnskólans á Suðureyri

Matsþáttur	Ábyrgðaraðili	Tillögur til umbóta	Áætlað upphaf	Áætluð lok	Mat
Kemur í haust.					
5. Skilgreina þarf betur leiðir, verkefni, aðgerðir og áætlanir til að ná þeim árangri sem stefnt verður að.					
	Skólastjóri / kennarar	Áætlað er að aðgerðaáætlun til að bæta námsárangur nemenda verði klár fyrir næsta skólaár. Á þessu skólaári er ætlunin að greina vandann og finna lausnir sem byrjað verður að vinna með.	feb.16	sep.16	Verður sýnilegt í Skólanámskrá 2016/2017.
Unnið var með þetta á starfsdögum að vori og gert er ráð fyrir að þetta verði klárt í haust.					
6. Tryggja þarf að kennarar, aðrir starfsmenn, nemendur og foreldrar taki þátt í að ákveða áherslur og forgangsröðun í innra mati.					
	Skólastjóri	Innra mat hefur verið til umræðu á starfsmannafundum undanfarið og á næsta skólaráðsfundi verður sú vinna kynnt og álit foreldra, nærsamfélags og nemenda fengið.	sep.15	jún.16	Skólapúslinn.
Við tókum þátt í öllum könnunum skólapúlsins og munum gera það aftur á næsta skólaári. Unnið var með niðurstöður með eldri nemendum, starfsfólki og foreldrum á fundum.					
7. Þegar niðurstöður innra matsins liggja fyrir þurfa hagsmunaaðilar að ræða saman um þróun og umbætur.					
	Skólastjóri	Skólastjóri er sammála þessu. Þetta eru starfshættir sem munu framvegis vera viðhafðir. Nýtt innra mat mun liggja fyrir í sjálfsmatsskýrslu í júní.	jún.16	sep.16	Skólapúlsinn, starfsmannafundur, nemendaráðsfundur og skólaráðsfundur.
Niðurstöður voru ræddar á skólaráðsfundi, nemendaráðsfundi, starfsmannafundi og fundi um niðurstöður skólapúls með foreldrum.					
8. Fylgja þarf umbótaáætlun kerfisbundið eftir.					
	Skólastjóri	Skólastjóri er sammála þessu. Þetta eru starfshættir sem munu framvegis vera viðhafðir.	jún.16	sep.16	Skólapúlsinn, starfsmannafundur, nemendaráðsfundur og skólaráðsfundur.
Umbótaráætlun var tekin fyrir á starfsdegi í apríl og aftur á undirbúningsdögum í júní.					
9. Umbótaáætlun þarf að vera tímasett, tryggja þarf að ábyrgð á verkefnum sé skilgreind og hvenær og hvernig árangur verður metinn.					
	Skólastjóri	Skólastjóri er sammála þessu. Þetta eru starfshættir sem munu framvegis vera viðhafðir. Nýtt innra mat mun liggja fyrir í sjálfsmatsskýrslu í júní.	jún.16	sep.16	Skólapúlsinn, starfsmannafundur, nemendaráðsfundur og skólaráðsfundur.
Innra mat hefur verið birt og verður unnið eftir niðurstöðum þess næsta skólaár.					
Skólabragur					
1. Vinna ætti skipulega með gildin sem skólinn setur sér.					
	Skólastjóri / kennarar	Unnið er með gildi skólans, en það hefur hingað til ekki verið tímasett. Úrbætur á þessu verða gerðar fyrir næsta skólaár.	maí.16	sep.16	Verður sýnilegt í Starfsáætlun 2016/2017.

## Umbótaáætlun Grunnskólans á Suðureyri

Matsþáttur	Ábyrgðaraðili	Tillögur til umbóta	Áætlað upphaf	Áætluð lok	Mat
------------	---------------	---------------------	---------------	------------	-----

Samkeppni um merki skólans var á vormánuðum. Þá fóru kennarar sérstaklega í gildi skólans með öllum nemendum.

2. Allir aðilar skólasamfélagsins ættu að koma að því að móta stefnu um skólabrag.

	Skólastjóri / kennarar / nem	Skólabragur hefur verið ræddur á starfsmanna og nemendaráðsfundum og er almenn ánægja með hann.	sep.15	Lokið	Skólapúlsinn.
--	------------------------------	---	--------	-------	---------------

Almenn ánægja er samkvæmt skólapúls með skólabrag. Við stefnum að því að halda honum áfram góðum.

3. Skrá verkferla til að bregðast við vísbendingum um vanlíðan nemenda.

	Skólastjóri /kennarar	Skólinn samþykkti á haustmánuðum nýja eineltisáætlun sem er aðgengileg á heimasíðu skólans. Vanlíðan nemenda er unnið með af umsjónarkennara og námsráðgjafa í samvinnu við foreldra og nemenda. Þetta þarf að koma fram í skólanámskrá og verður sett þar inn fyrir næsta skólaár.	ágú.15	sep.16	Verður sýnilegt í Skólanámskrá 2016/2017.
--	-----------------------	---	--------	--------	---

Einelti og vannlíðan mælist minni en áður og vel undir landsmeðaltali. Við erum með eineltisáætlun og nemendur með vannlíðan fá viðtöl hjá námsráðgjafa og

4. Skoða hvar nemendur nefna að einelti eigi sér stað og vinna gegn vandanum.

	Skólastjóri / kennarar	Einelti er litið alvarlegum augum á Suðureyri og verður ekki liðið. Þegar niðurstöður skólapúlsins liggja fyrir þá verður unnið markvisst að útrýmingu eineltis þar sem það kemur fram.	jún.16	des.16	Skólapúlsinn.
--	------------------------	---	--------	--------	---------------

Fylgst er náið með þessu. Samkvæmt skólapúlsi er einelti mjög lítið á Suðureyri.

5. Nemendur taki meiri þátt í að skipuleggja nám sitt með því að setja sér markmið.

	Skólastjóri / kennarar	Nemendur setja sér nú þegar markmið og hafa gert undanfarin ár, samkvæmt upplýsingum frá kennurum.	des.15	Lokið	Skólapúlsinn.
--	------------------------	--	--------	-------	---------------

Nemendur settu sér markmið, unnu með þau og þau voru gerð upp í viðtölum í febrúar. Við munum halda þessu áfram á næsta skólaári.

6. Nemendur hafi meira val í námi sínu.

	Skólastjóri	Nemendur hafa á þessu skólaári meira val í námi og verður það ennþá meira á næsta skólaári.	jún.15	sep.16	Skólapúlsinn.
--	-------------	---	--------	--------	---------------

Nemendur fengu 4 val tíma á liðnu skólaári. Á því næsta verða þetta 6 tímar. Nemendur eru mjög ánægðir með valið.

7. Skrá ætti og birta meira af því sem liggur til grundvallar stefnu skólans.

## Umbótaáætlun Grunnskólans á Suðureyri

Matsþáttur	Ábyrgðaraðili	Tillögur til umbóta	Áætlað upphaf	Áætluð lok	Mat
	Skólastjóri	Með nýri heimasíðu hefur þetta nú þegar verið gert og heimasíðan er áfram í vinnslu m.a. með þetta í huga.	ágú.15	sep.16	Heimasíða skólans verður áfram í vinnslu.
Heimasíðan hefur verið mjög virk. Tæplega 140 fréttir sem eru einnig birtar á facebook síðu skólans. Yfir 8.000 heimsóknir.					
8. Kynna skipulega reglur og áætlanir sem unnið er eftir.					
	Skólastjóri	Nýjar skólareglur voru samþykktar í haust og kynntar nemendum. Áætlanir sem samþykktar hafa verið hafa ekki allar verið kynntar sérstaklega fyrir nemendum og foreldrum. Úrbætur á þessu verða gerðar á vormánuðum.	ágú.15	maí.16	Skólapúlsinn.
Nemendur á mið og eldra stigi fengu sérstaka kynningu frá skólastjóra og þeir yngri frá umsjónarkennara. Farið verður aftur yfir skólareglur og eineltisáætlun með					
9. Vinna þarf að endurskoðun skólareglna með öllum hlutaðeigandi í skólasamfélaginu.					
	Skólastjóri	Þessu var lokið á haustmánuðum. Skólastjóri gerði drög, fékk álit starfsmanna og fór síðan yfir skólareglur með nemendaráði þar sem engar athugasemdir bárust.	ágú.15	Lokið	Skólapúlsinn.
Almenn ánægja er með skólareglurnar í núverandi mynd. Endurskoðun á þeim lauk í haust.					